



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um samning um framleiðslu máltíða

Á fundi velferðarráðs þann 10. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 9. febrúar 2026, um samning um framleiðslu máltíða:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að ganga til samninga við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. um kaup á um 1000 máltíðum á dag þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum til íbúa í þjónustuíbúðum og fyrir gesti félagsmiðstöðva velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkar velferðarráðs leggja áherslu á að áður en ákvörðun var tekin um gerð samnings um framleiðslu máltíða hafi verið leitað allra raunhæfra lausna til að tryggja áframhaldandi matarþjónustu innan ramma starfseminnar. Í kjölfar lokunar á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi og með hliðsjón af kröfum um matvælaöryggi fyrir viðkvæma hópa liggur nú fyrir að ekki verður hjá því komist að gera tímabundinn samning um framleiðslu máltíða á meðan á framkvæmdum stendur. Samstarfsflokkarnir telja nauðsynlegt að tryggja örugga, samfellda og faglega matarþjónustu fyrir íbúa þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva, og að brugðist sé hratt við þeirri stöðu sem upp er komin. Gerð samningsins er því nauðsynleg til að tryggja velferð og öryggi þeirra sem borða mat frá borginni á meðan unnið er að framkvæmdum vegna flutnings framleiðslueldhússins innan Vitatorgs. Í samningnum er um að ræða tveggja rétta máltíðir, kjöt eða fiskur sem aðalréttur og grænmetisréttur sem aðalréttur. Annars vegar er maturinn hraðkældur og pakkaður til heimsendingar og hins vegar afhentur heitur, fyrir íbúa þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva.

Heildarkostnaður samningsins er áætlaður um 1.593 m.kr. þar af 742 m.kr. ófjármagnaðar.

Til þess að tryggja örugga og samfellda matarþjónustu í samræmi við þá lagaskyldu sem hvílir á Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að leita til þriðja aðila hvað varðar framleiðslu á mat þar til flutningum á framleiðslueldhúsi velferðarsviðs innan Vitatorgs er lokið. Mikilvægt er að gengið sé til slíkra samninga eins fljótt og auðið er.

Fyrir liggur að tvö útboð hafa verið haldin þar sem óskað var eftir tilboðum í heimsendan mat (400 skammta), annars vegar útboð 15471 sumarið 2022 og hins vegar útboð 15685





haustið 2023. Aðeins eitt tilboð barst í fyrra útboðið, upp á 2.100 kr. án vsk. fyrir hvern skammt, sem var töluvert hærra en áætlanir kaupanda gerðu ráð fyrir og var því tilboði hafnað. Í útboðinu haustið 2023 bárust engin tilboð.

Hhaustið 2024 var framkvæmd markaðskönnun 16011 og umfang verkefnisins aukið á þann veg að inni í því væri heimsendur matur og matarþjónusta fyrir íbúa í þjónustuíbúðum og gesti félagsmiðstöðva. Í markaðskönnun voru þrír aðilar sem sýndu áhuga á að sinna slíkri þjónustu ef hún væri útfærð þannig að um væri að ræða 400 heimsendar máltíðir ásamt 600 máltíðum fyrir móttökueldhús þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva. Tveir aðilar drógu sig frá verkefninu, annar snemma árs 2025 og hinn á miðju ári 2025. Þegar ákvörðun var tekin um flutning framleiðslueldhússins á Vitatorgi og ljóst að það yrði lokað a.m.k. í 18 mánuði var haft samband við þann aðila sem eftir var í kjölfar markaðskönnunarinnar, þ.e. eigendur Krydd og kaviar ehf. Kannað var hvort þeir, á grundvelli markaðskönnunnar, væru tilbúnir ganga til samninga um framleiðslu máltíða.

Fyrirtækið Krydd og kaviar ehf., sem er í eigu Múlakaffi ehf., er tilbúið til að framleiða mat fyrir velferðarsvið. Um er að ræða tveggja rétta máltíðir, annast vegar kjöt eða fisk sem aðalrétt og hinsvegar grænmetisrétt sem aðalréttur. Maturinn er annars vegar hraðkældur og pakkaður til heimsendingar og hins vegar afhentur heitur, fyrir íbúa þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva. Um er að ræða um 400 heimsendar máltíðir og 600 heitar máltíðir á dag.

Með vísan til þess neyðarástands sem skapaðist þegar framleiðslueldhúsinu að Vitatorgi var lokað þann 2. febrúar 2026 og þegar ljóst varð að starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir framleiðslueldhúsið yrði ekki veitt aftur fyrir óbreytta starfsemi, er brýnt að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin til að tryggja að Reykjavíkurborg standi við lögboðnar skyldur sínar. Að mati velferðarsviðs er því er nauðsynlegt að ganga til samninga varðandi framleiðslu matar til að tryggja þá þjónustu sem sveitarfélaginu er skylt að veita samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Samningur um framleiðslu máltíða fellur undir félagsþjónustu sbr. VIII. kafla laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Þann 20. febrúar 2026 var gerður samningur við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. til tveggja mánaða, frá 2. mars 2026 til 30. apríl 2026, á meðan unnið er að gerð lengri samnings til 22 mánaða.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samning um framleiðslu máltíða, lögð fram á fundi velferðarráðs 10. febrúar 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samningur um framleiðslu máltíða

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að ganga til samninga við fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. um kaup á um 1000 máltíðum á dag þ.e. um 400 skömmtum af hraðkældum pökkuðum mat til heimsendingar og um 600 heitum máltíðum til íbúa í þjónustuíbúðum og fyrir gesti félagsmiðstöðva velferðarsviðs.

Greinargerð:

Framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi var lokað í skyndi þann 2. febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* greindist í rófusalati sem borið hafði verið fram í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum velferðarsviðs þann 27. janúar 2026.

Fyrir liggur samþykkt borgarráðs frá 29. janúar 2026 á samþykkt velferðarráðs frá 21. janúar 2026 á tillögu um flutning framleiðslueldhúss velferðarsviðs innan Vitatorgs. Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af niðurstöðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og þeim kröfum sem gerðar eru til matvælaöryggis þegar þjónusta er veitt viðkvæmum hópum. Jafnframt var samþykkt að fá þriðja aðila til þess að framleiða mat á meðan á framkvæmdum á Vitatorgi stendur. Nú er staðan breytt og þar sem ekki verður hægt að elda mat frammar í núverandi eldhúsi á Vitatorgi þarf að bregðast skjótt við og flýta gerð samnings um framleiðslu máltíða. Síðan eldhúsinu var lokað hafa verið sendir tilbúnir réttir í heimahús og til íbúa í þjónustuíbúðum. Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á heitan mat á félagsmiðstöðvum. Til þess að tryggja örugga og samfellda matarþjónustu sem allra fyrst, þarf því að ganga til samninga fyrr en áætlað var.

Fyrirtækið Krydd og kaviar ehf. sem er í eigu Múlakaffi ehf. er tilbúið að framleiða mat fyrir velferðarsvið (Markaðskönnun 16011). Um er að ræða tveggja rétta máltíðir, kjöt eða fiskur sem aðalréttur og grænmetisréttur sem aðalréttur. Annars vegar er maturinn hraðkældur og pakkaður til heimsendingar og hins vegar afhentur heitur, fyrir íbúa þjónustuíbúða og gesti félagsmiðstöðva. Um er að ræða um 400 heimsendar máltíðir og 600 heitar máltíðir á dag. Verðið sem velferðarsvið greiðir fyrir hvern matarskammt er kr. 2.250 eða kr. 797.328 á ársgrundvelli.

Gildistími samnings verður frá 1. mars 2026 til 29. febrúar 2028 nema samningsaðilar ákveði annað. Velferðarsvið mun sjá um akstur í heimahús og alla aðra þætti matarþjónustunnar á samningstímanum. Fyrirhugað er að undirbúningur og framkvæmdir vegna flutnings framleiðslueldhússins innan Vitatorg muni taka a.m.k. 18 mánuði þegar ferlið hefst.